

32. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 26. mars 2008.

Mættir: Arne, Aðalheiður, Guðbjörg, Hulda og Kristján.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Áframhald hverfisnefndar og málefni sem nefndin gæti beitt sér fyrir
3. Þorrablót
4. Aðalfundur
5. Skjólbelti
6. Önnur mál

1. Fundargerð:

Fundurinn settur og fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Áframhald hverfisnefndar og málefni sem nefndin gæti beitt sér fyrir

Nefndarmenn velta fyrir sér hvert stefni með hverfisnefndir bæjarins og hver næstu skref hverfisnefndar Síðuhverfis séu.

Stefnumál:

- Hringtorg við Borgarbraut / Bugðusíðu til þess að koma til móts við aukna umferð í hverfinu sökum nýrra blokka.
- Leikskólar í hverfinu. Nefndarmenn velta fyrir sér hvort ekki væri skynsamlegt að nýr leikskóli rísi nær grunnskóla hverfisins.
- Verndun grænna svæða í hverfinu.
- Þétting byggðar.
- Hjóla og göngustígar sem nefndarmönnum þykir mikilvægt að viðhalda og efla.

3. Þorrablót

Þorrablót hverfisins sem haldið var 16. febrúar tókst mjög vel. Um 40 manns mættu saman og gerðu sér glaðan dag.

4. Aðalfundur

Aðalfundur nefndarinnar verður haldinn fimmtudaginn 15. maí. Gestur fundarins verður Hermann Tómasson.

5. Skjólbelti

Nefndir samþykkir bréf til bæjarins vegna skjólbeltis ofan Jaðarsíðu. Formaður mun senda bréfið áfram til umhverfisnefndar bæjarins.

6. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á fundinum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.